



Reglur um frístundastyrki í Fljótsdalshrepp

1. Börn og unglingar á aldrinum 6-18 ára með lögheimili í Fljótsdalshreppi geta sótt um niðurgreiðslu vegna þátttöku í frístundastarfi.
2. Miðað er við að stundað sé skipulagt frístundastarf.
3. Að hámarki getur niðurgreiðslan numið kr. 40.000,- fyrir hvern einstakling á árinu 2023.

Þeim sem sækja vilja um frístundastyrki er bent á að snúa sér til sveitarstjóra sem annast greiðslu styrkjanna.

Reglur um frístundastyrki samþykktar á fundi sveitarstjórnar 5.12.2022